

**Nd.**

**422. Þingsályktun**

**[107. mál]**

um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að auknu eftirliti með öryggisbúnaði dráttarvéla og annarra vinnuvéla, annaðhvort með undirbúningi löggjafar eða setningu reglugerðar á grundvelli nógildandi umferðarlaga, svo og að setja reglur, sem miða að auknu öryggi stjórnenda slíkra tækja. Verði þá kannað, hvort eigi þyki rétt að gera auknar kröfur til þekkingar og þjálfunar þeirra, er við slíkar vélar starfa.